



## Flokkakeppni

Fram að Landsmóti verða send út mánaðarleg verkefni sem flokkar leysa saman með foringjum sínum. Hvert verkefni á að styrkja hópinn, þjálfa nýja færni og undirbúa flokkinn fyrir lokakeppnina sem fer fram á Landsmóti 2026.

Verkefnin eru 7-8 fram að móti.

Það er ekki skylda að skila öllum verkefnum en því fleiri verkefni sem flokkurinn leysir og skilar því meira forskot fær hann í stigafjölda.

### Stigagjöf

- Hvert verkefni er metið eftir matskvarða og þannig safna flokkarnir stigum.
- Fyrir þátttöku fær flokkurinn 1 stig.
- Í lokakeppninni verður keppt í fjölbreyttum þrautum.
- Flokkurinn með hæstu heildarstigin hlýtur vegleg skinn og verðlaun.

### Skil á verkefnum

Verkefnum skal skila til dagskrárnefndar á netfangið [johann@skatarnir.is](mailto:johann@skatarnir.is)

Hægt er að skila í formi mynda, myndbanda, texta eða með öðrum frumlegum hætti.

Mikilvægt er að sýna að verkefnið hafi verið frakvæmt og hver tóku þátt í því.

Við skil er mikilvægt að fram komi:

- Nafn flokks
- Skátafélag
- Aldursbil

### Matskvarði

Hvert verkefni getur fengið allt að 10 stig.

Flokkur	Lýsing	Hámarksstig
1. Framkvæmd verkefnis	Verkefnið unnið samkvæmt leiðbeiningum og sýnir góðan undirbúning og samvinnu innan flokksins.	0-2
2. Þekking og færni	Skátarnir sýna skilning á viðfangsefninu og geta útskýrt eða sýnt fúmlaus handtök.	0-2
3. Skapandi nálgun / frumleiki	Verkefnið unnið með sköpunargleði, frumlegum hugmyndum eða nýjum aðferðum.	0-2
4. Framsetning	Hvernig verkefninu er skilað (myndir, myndband, frásögn o.s.fv.) Skýrleiki, snyrtimennska og verkefni vel kynnt.	0-2
5. Skátalegur andi og liðsheild	Verkefnið endurspeglar skátagildi: samvinnu, frumkvæði, virðingu og iákvætt viðhorf.	0-2